

Til:

Sveitarstjórnar Grímsnes -og Grafningsshrepps kt:590698-2109  
Stjórnsýsluhúsinu Borg, 805 Selfoss

Fagra Frón ehf. kt:640919-0270 óskar eftir við sveitarstjórn að sveitarfélagið greiði bætur vegna vinnu framkvæmdastjóra félagsins við að sækja um og mæta svo í framhaldinu í viðtal hjá hæfis nefnd sveitarfélagsins vegna leigu á tjaldsvæðinu á Borg sem auglýst var í Dagskránni í apríl mánuði í ár.

Í viðtalinu hjá hæfis nefndinni var í stuttu máli sagt að það væru sex umsækjendur sem sóttu um að leigja tjaldsvæðið á Borg. Sveitarstjórnin myndi taka afstöðu 2.maí við hvern þeir myndu ganga til samninga við og til þess styðja sig við greinargerð/hæfismat sem voru dulkóðaðar með númerum af hæfnisnefnd sveitarfélagsins sem skipuð var sveitarstjóra, Gríms-og Grafningsshrepps varaoddvita og varamanni meirihlutans í sveitarstjórn.

Fagra Frón ehf óskaði eftir gögnum sem sýndu fram á rekstrarhæfi tjaldsvæðisins meðal annars upplýsingar um gistinætur sem Hagstofa Íslands heldur utan um. Ekki var hægt að verða að þessari beiðni án útskýringar.

Sá sem var talinn hæfastur af sveitarstjórninni að ganga til samninga við um leigu á tjaldsvæðinu á Borg var einkahlutafélag sem einn af sveitastjórnarmönnum Gríms-og Grafningsshreppi er stjórnarformaður í og stór eigandi en hann tilheyrir meirihlutanum eins og allir sem skipuðu hæfisnefnda. En hann sat ekki sveitastjórnar fundinn 2. maí, ekki tekið fram í fundargerð ástæða fjarveru hans.

Ég tel að hæfisnefndin þegar hún sá að einn af þessum sex sem sóttu um var sveitarstjórnarmaður í sama liði og þau sem tóku viðtalið við umsækjendur hafi átt að segja sig frá setu í hæfisnefndinni vegna vanhæfis.

Fagra Frón ehf. er tilbúið að ljúka þessu máli vegna þess sem fram hefur komið hér ofar í bréfi þessu ef sveitarstjórn Gríms-og Grafningsshreppi samþykkir að greiða Fagra Frón ehf. 500 þúsund krónur í bætur og er málinu þá endilega lokið að hálfu félagsins.

F.h. Fagra Frón ehf. Baldvin Nielsen

Hveragerði, 30.maí 2024

Fagra Frón ehf.  
Kambahraun 9  
810 Hveragerði  
771-4777